

20 Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og gæzlustjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða gæzlustjóri forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

2. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

Bankastjóri annast dagleg störf bankans. Bankastjóri og gæzlustjóri skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjóra heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum mál-efnum.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjóra þarf til, nema með samþykki bankastjóra eða gæzlustjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsg. þessarar greinar.

Ráðherra setur fyrir mæli um störf og verksvið gæzlustjóra.

3. gr.

70. gr. sömu laga breytist þannig:

- a. Í stað „Aðalbankastjóri“ í 1. málsg. komi: Bankastjóri.
- b. Fyrir „bankastjórar“ í 2. og 3. málsg. komi: bankastjórn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

21
13. jan.

L Ö G

um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefnd Grimseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu undir bryggju í Sandvíkurlandi.

Takmörk lóðarinnar mega vera: Í vestur, eftir fjöru, 20 metrar. Í austur, eftir 21 fjöru, 15 metrar, þar með talin breidd bryggjunnar sjálfrar, og svo upp í brún á 13. jan. bugðóttum klettakakka, sem er yfir fjörunni á þessu svæði.

2. gr.

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

22

13. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í lögum þessum er efni það, sem unnið er úr mjólk með því að þurrka hana, nefnt þurrmjólk. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, hvaða efni skuli vera í feitri þurrmjólk og feitislausri þurrmjólk, svo að fullgild vara sé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir heimild til þess að ákveða með reglugerð, sem samin er í samráði við mjólkursölunefnd og matvælaeftirlit ríkisins, að ákveðnar brauðtegundir, sem seldar eru í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og má ákveða, að þurrmjólkin nemi allt að $\frac{1}{10}$ af þyngd þurrefnis brauðtegundar. Ákveða má, að í stað þurrmjólkur megi nota mjólk, enda samsvari magn hennar og innihald þurrmjólkinni, sem fyrirskipað er, að blandað sé í mismunandi tegundir brauðs.

3. gr.

Nú er eigi til nægileg þurrmjólk eða mjólk í vissum landshlutum, eða sérstakir örðugleikar eru á því að afla þessa, til þess að blanda í brauð, svo sem fyrir er mælt í reglugerð ráðherra, og hefir hann þá heimild til að mæla svo fyrir, að minnka megi magn þurrmjólkur eða mjólkur, er þar sé skylt að blanda í brauð, eða undanþiggja frá blöndun.

4. gr.

Nú hefir landbúnaðarráðherra fyrirskipað þurrmjólkurblöndun í brauð samkvæmt lögum þessum, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á þurrmjólk, er seld sé frá vinnslustöð til brauðgerðarmanna, og hámarksverð á brauðum.